

## Fundargerð stofnfundar Skógfræðingafélags Íslands 12.mars 2004

Fundur er settur 16:30

Mætt: Sjá lista yfir þátttakendur. 19 þátttakendur mættir.

Arnór tilnefnir Björn Bjarndal Jónsson fundarstjóra og Herdísi Friðriksdóttur fundarritara. Björn setur fundinn. Arnór kynnir drög að lögum félagsins.

Nokkrar umræður skapast um löginn. Í fyrsta lagi hverjum sé heimilt að sækja um aðild, hvort þeir sem hafi mikla reynslu af skógrækt en aldrei menntað sig fái aðild. Aðalsteinn útskýrir að FÍN fái oft fyrirspurnir af þessu tagi þar sem fólk hefur enga eiginlega prófgráðu en hafi tekið mörg námskeið. Þessu fólki sé bent á að tala við viðkomandi menntastofnun sem þá ætti að gefa út prófgráðu ef því er viðkomið en það sé ekki í verkahring stéttarfélagsins að gera slíkt. Þröstur nefnir dæmi frá Bandaríkjunum þar sem fólk gefst kostur á að sækja um aðild hafi það safnað visst mörgum punktum í gegnum fyrirfram ákveðið kerfi. Segir vissa aðila innan skógræktargeirans sem hugsanlega gætu nýtt sér svona kerfi, og telur að þeir aðilar myndu styrkja félagið fengju þeir inngöngu.

Rætt er um aðild námsmanna, útskýrt er að þeir hafi aukaáðild þeir geti tekið þátt í félaginu en hafa ekki leyfi til að sitja í stjórnun og nefndum félagsins, hafa ekki skyldum að gegna hafa málfrelsi en ekki atkvæðisrétt og greiða ekki árgjald.

Bjarni Diðrik spyr út í 2.grein þar sem sagt er að félagið “eigi að bæta aðstöðu þeirra faglega, félagslega og fjárhagslega” og spyr hvort það sé ekki ábyrgð FÍN að bæta fjárhagslega aðstöðu félagsmanna sinna. Arnór segir að það sé skýr munur, FÍN sem stéttarfélag eigi að sjá um baráttu um laun, kaup og kjör en Skógfræðingafélag Íslands sjái um að verja okkar faglega þátt. Fundarmenn mæla með að þarna verði gerður skýr greinamunur.

Björn stjórnar atkvæðagreiðslu um löginn. Fer í gegnum þau eitt af öðru og ber undir fundinn.

Athugasemd er gerð við 2.grein vísað í fyrri umræður.

- efla samheldni skógfræðinga í því skyni að bæta aðstöðu þeirra faglega, félagslega og fjárhagslega

Ákveðið er að gera breytingartillögu um að taka út “fjárhagslega” þar sem FÍN sjái um að bæta fjárhagslega aðstöðu félagsmanna sinna. Breytingartillagan er samþykkt.

Tillögur 3 og 4 bornar upp án athugasemda og eru samþykktar.

Þegar Björn ber fram 5. tillögu koma fram hugmyndir um að breyta orðalagi á “þeir umsækjendur sem falla undir slíkar undanþágur...” þar sem ekki sé hægt að sjá hvort þetta er stétt manna eða einstaklingar. Björn útskýrir að allir þurfi að sækja formlega um aðild að félaginu og ekki sé hætt á misskilning. Greinin er borin upp og samþykkt án breytinga.

Þegar 6. grein er borin upp útskýrir Arnór að fundir verði boðaðir bæði með tölvupósti og bréflaga. Samþykkt.

Greinar 7-12 bornar upp og samþykktar án breytinga.

Þegar Björn ber upp 12. grein koma fyrirspurnir um hvernig námsmatsnefnd verði til. Arnór útskýrir að stjórnin kjósi í hana. Umræður skapast hvort nægjanlegt sé að námsmatsnefnd starfi í 2 ár, hvort ekki væri réttara að skapa henni rýmri tíma. Greinin er borin upp án breytinga og samþykkt.

Þegar 13. grein er borin upp kemur fram breytingartillaga að strika út “sem starfa í þjónustu annarra”. Lagt er til að taka út 1 lið 13. greinar. Samþykkt.

Með vísan í 13. grein er bent á að æ algengara verði að færa innheimtu félagsgjalda inn í bankana og sum félög hafi þurft að breyta lögum sínum vegna þessa, spurt hvort ekki væri réttast að gera það strax. En bent er á að það sé ekkert sem kemur í veg fyrir það í textanum svo breytingatillaga er óþörf.

Þegar 14. grein er borin upp skapast miklar umræður um hvað eigi að gera við fé félagsins skyldi það vera leyst upp. Ýmsar tillögur koma fram m.a. Rannsóknar- og fræðslusjóður skógræðinga sem S.Í. heldur utanum. Lagt er til að þetta verði sett skýrt fram í lögunum. Að lokum er ákveðið að tala ekki um að leggja niður félag sem verið er að stofna og er tillagan lögð fram óbreytt og samþykkt.

Greinar 14-16 eru bornar upp og samþykktar.

### **Stjórnarkjör.**

Björn ber fram tillögu að stjórn  
Formaður: Hrefna Jóhannesdóttir  
Meðstjórnendur: Brynjar Skúlason og Ólafur E. Ólafsson  
Varamaður: Sigurður Freyr Guðbrandsson

Tillagan samþykkt

Björn ber fram tillögu að Námsmatsnefnd:  
Formaður: Aðalsteinn Sigurgeirsson  
Meðstjórnendur: Arnór Snorrason og Björn Bjarndal Jónsson

Tillagan samþykkt

Stungið er upp á 2 skoðunarmönnum reikninga, þeim Baldri (hversson?) og Hauki Ragnarsyni. Ekki er gert ráð fyrir varamanni. Tillagan samþykkt.

Björn gefur nýjum formanni orðið. Hrefna stígur í pontu og þakkar traustið og telur að þetta verði spennandi starf. Hún segir að það verði sitt fyrsta verk að boða til fundar með nýrri stjórn og námsmatsnefnd og ræða þar 5. lið og taka ákvarðanir um hverjir fái félagsaðild. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar verði svo að kynna þetta nýja félag fyrir allri þjóðinni og að kynna okkur sjálf sem skógræðinga og reyna að skapa ný

tækifæri fyrir okkur sem skógfræðinga og fá nýja nema inn í fagið. Hún segir einnig að eitt það fyrsta sem henni hafi dottið í hug varðandi félagið væri að efla endurmenntun skógfræðinga, það sé mikilvægt.

Björn óskar nýkjörnum formanni alls góðs og segist búast við að ný stjórn sendi út tilkynningu um það hver fær aðild að félaginu og hvernig verði sótt um það.

## **Önnur mál**

Björn biður um tillögu að félagsgjaldi og kemur með fyrstu tillögu 2000 kr. Nokkrar umræður skapast um gjaldið og hvað það kosti að halda úti félagi sem þessu. Arnór segist hafa gert smá áætlun með að ef að 48 meðlimir borgi 2000 kr þá verði það um 100.000 á ári sem nægi fyrir ferðalög stjórnar, aðalfund og einum stjórnarfundi með kaffi og meðlæti. Enginn úr stjórn fái laun fyrir vinnu sína.

Björn lokar umræðum með því að bera fram tillögu að 3000 kr ársgjaldi og er það samþykkt samhljóða.

Bjarni Diðrik biður um orðið og varpar fram spurningu um hvort þörf sé á að nafnið verði lögverndað starfsheiti. Arnór telur að stjórnin ætti að beita sér fyrir því að fá þetta starfsheiti lögverndað.

Arnór leggur tillögu fyrir nýkjörna stjórn félagsins um undanþágu við 4.grein og biður fundarstjóra að bera undir atkvæði.:

*Tillaga af undanþágu að fjórðu grein:*

*Þeir sem lokið hafa fullgildu skógtækniprófi frá skólastofnum, þar sem skógfræðináminu hefur verið breytt þannig að í stað skógtæknináms útskrifast skógfræðingar með a.m.k. B.Sc. háskólagráðu, geta sótt um aðild af Skógfræðingafélagi Íslands.*

Björn ber tillögunu undir fundinn og segir orðið laust. Umræður skapast um menntastofnanir sem útskrifað hafa nema en hafa svo verið lagðir niður og um hverjir geti sótt um aðild að félaginu. Að lokum leggur Björn til að tillagan verði samþykkt og er hún samþykkt samhljóða.

Aðalsteinn hvetur til að félagið taki við af fræðaráðstefnum félagsmanna sem haldin hafa verið í 4 ár með góðum árangri og mætti auk þess standa fyrir ferðalögum innanlands sem utan.

Björn biður nýjan formann að slíta fundi.

Hrefna slítur fundi kl 17:57.

Fundarritari: Herdís Friðriksdóttir